

## Félagsfundur 18. nóvember

Mánudaginn 18. nóvember verður félagsfundur í Valhúsaskóla. Fundurinn sem verður á léttu nótunum byrjar kl. 20:00, í stofu 23 á efri hæð skólans. Snævarr Guðmundsson, formaður félagsins, ætlar að byrja fundinn á smá kynningu á loftsteinadrifum, en von er á einni slíkri þá um nóttina. Að loknu loftsteina erindinu verður spjallað saman um heima og geima. Einnig gefst fundargestum tækifæri til að skoða þær breytingar sem hafa verið gerðar í stjörnurnum, og ef vel viðrar verður tækifærið nýtt og stjörnurnar skoðaðar.

## Framkvæmdir í stjörnurnum.

Hvolfþakið á Valhúsaskóla, þar sem aðalsjónauki félagsins er hýstur, var byggt með sjónauka af Schmidt-Cassegrain gerð. Sjónaukinn sem nú er í turninum er hinsvegar af Newton gerð. Þetta hafði það í för með sér að ekki var hægt að skoða himininn nema niður í um 45° hæð. Til að bæta úr þessu létt stjórnin smiða hækkan undir sjónaukann sem hækkar hann upp um 40cm. Þetta gefur möguleika á að skoða niður í um 10 – 15° hæð, og er það mikil bót. Þessi hækkan hafði þó það í för með sér að þegar sjónaukinn var í efstu stöðu var augnglerið í um 240 cm hæð yfir gólf. Var því brugðið á það ráð að smiða tréglóf í kringum sjónaukan og hækkar það gólfíð um 25 – 35 cm.

Gólfíð var smiðað í september og október í sjálfsboðavinnu og færir stjórnin þeim þakki sem þar lögðu hönd á plöginn. Í smiðina fóru 75 kg af steypu, 80 metrar af palla efni og um 1500 skrúfur. Auk þess sem nýtt kortaborð var smiðað og hlerinn í gólfini styrktur. Þá var allt rafmagn lagt undir tréglófið. Það voru því morg handtök í þessu verki.

## Leonítar

Aðfaranótt priðjudagsins 19. nóvember næstkomandi, fer Jörðin í gegnum braut halastjörnunar Tempel-Tuttle (Comet 55P). Þetta veldur árlegri loftsteinadrifu sem kölluð er Leonítar. Erlendar loftsteinaspár spá hámarki fyrir Reykjavík á bilinu frá kl. 03:00 til 05:00 á priðjudagsmorguninn.

## Nokkur áhugaverð tvístirni og fjölstirni eftir Snævarr Guðmundsson

Bessi grein visar á nokkur tví- og fjölstirni sem gaman er að skoða og eflaust kannast lesendur við mörg þeirra. Þau sem hér eru nefnd hef ég skoðað í 10" spiegeljónáuka stjörnuskoðunarfélagsins en sum má *leysa* sundur (splitta) með öflugum handkiki ef nögu langt bil er á milli stjarnanna. Flest eru þó erfiðari en það að þau verði leyst með svo litlum tækjum því oft þarf meira en 100 falda stækkanina til að skilja stjörnurnar frá hvorri annarri. Eitt sem gerir skoðun tvístirna skemmtilega er að þau eru oft eins konar áskorun. Tvístirni sem erfitt er að leysa sundur (eða splitta) vegna þess hve stjörnurnar eru þétt saman eða þegar daufari stjarnan hverfur í bjarma þeirrar bjwtari, kallað oft á bið eftir réttum aðstæðum. Þær verða þegar til er lítil og andrúmsloftið nögu stöðugt til að greina megi parið í sundur. Líkast til verður loft of sjaldan nögu stöðugt hér uppi á Íslandi en það gerist samt. Vanir reikistjörnu- og tvístirnaskoðarar segja kjóraðstæður séu ekki endilega þegar himininn virðist tær, heldur gefist oft best að skoða í gegn um háskýjabreiður og móðu. Á slíkum nótum sé loftið oft stöðugra þó útlit sýnist fráleitt. Veit ég um nokkra sém taka undir þetta.

Fallegustu tvístirnin að minnun mati eru þau sem eru mislit, þ.e. hvor stjarnan hefur sinn lit. Eru nokkur slík hér meðtalinn. Flest eru mjög viðráðanleg en nokkur svölvitíð krefjandi, þ.e. þá þarf góðar aðstæður til að slíta þau í sundur. Eftirtalin tvístirni eru einungis ábending því finna má í bókum og blöðum ágætis upplýsingar um áhugaverð tvístirni. Til að finna stöðu tvístirnanna þarf auðvitað að hafa nákvæm stjörnukort eins og til eru uppi í stjörnutorni. Hér er ekki gefin upp hnif stjarnanna enda þarf hvort eð er kort til hliðsjónar. Á þeim sest hvæmig auðveldast er að rekja sig að tvístirnu og má geta þess í leiðinni að öll tvístirnin í skránni má finna með „stjörnuhoppi“, það er með því að höppa af einni stjörnu til annarrar uns takmarkinu er náð. Meðan sú aðgerð fer fram er ráðlegast að snúa kortinu þannig að upp sé niður því þannig kemur myndin fram í leitarkíkinum.

Í skránni eru stjörnumerkir í stafrófsröð og heiti grískra bókstafa í sviga. Þær eru úr skrá þýska stjörnufræðingsins F. G. W. Struve (1793-1864). Hvort þau séu merkt á öll kort get ég ekki fullyrt um. Ef svo er ekki þá mæli ég með að athugandi finni sér slíkt kort þar sem mörg tvístirnin eru afar áhugaverð. Viða eru stjörnurnar kenndar sem A og B, og jafnvel C ef um þrístirni er að ræða, og er birtustig þeirra bjwtari (jafnara A stjarnan) gefið upp fremst. Fjarlægð milli stjarna er í bogsekündum og táknaðar eru með

### γ Andromedae (Gamma) eða Almach

Mjög fallegt tvístirni; Rauðgul - blá. Bilið á milli þeirra er 10" (bogsekundur) og birtustig 2.3 og 5.3. Bláa stjarnan er sjálf tvístirni með mestu vídd 0.6".

### Andromeda

### γ Aries (Gamma) eða Mesarthim

Fallegt tvístirni; Millibilið er 7.8" og þær hafa sama birtustig eða 4.8. Mér fannst þó örlistill litamunur á milli þeirra.

### Aries

### Σ 200

Rétt NV af Alpha Aries. Þetta tvístirni hefur áfólkla litu en nokkurn birtumun, þ.e. 8.5 og 9.0. Bilið á milli stjarnanna er 8.2".

### Aries

### ε Boötis (Epsilon) eða Izar

Torleyst tvístirni ef aðstæður eru ekki réttar enda er bilið einungis 2.8". Móðurstjarnan er gul en hin er blá. Birtustig 2.5 og 4.9. Sagt er um þetta fallega tvístirni að það sé prófraun á skoðunaraðstæður, optisk gæði og bolinmæðina.

### Boötis

### κ Boötis (Kappa)

Tvístirni með birtustig 4.6 og 6.6. Millibil er 13.4"

### Boötis

### Σ 1850

Tvístirni með birtustig 7.1 og 7.4. Það er nokkuð vitt eða 25.6"

### Boötis

### λ Canceris (Lota)

Mjög fallegt tvístirni og með vitt-bil eða 30.5". Ekki frábrugðið Albireo í Cygnus hvað litu varðar; annað gult en hitt blátt. Birtustig 4.2 og 6.6.

### Cancer

### α C. Venitorum (Alpha) eða Cor Caroli

Samlita tvístirni en með talsverðum birtumun (2.9 og 5.5). Bilið á milli stjarnanna er 19.4"

### Canes Venatici

### 2. Canes Venitorum

Vestan við Beta C. Ven. Fallegt tvístirni, hvít - blátt af birtustigi 5.8 og 8.1. 11.4" millibil.

### Canes Venatici

### η Cassiopeia (Eta)

Eta er hvít-gult tvístirni; birtustig 3.4 og 7.5 með 11" bil. Það er annars fjölstirni eða minnst sjö stjörnur og eru hinar í 159 til 339 bogsek. fjarlægð 90 mi

### Cassiopeia

### α Cassiopeia (Alpha) eða Schedar

Þetta er vitt tvístirni (64") af birtustigi 2 og 9.

### Cassiopeia

**Σ 3035**

### Cassiopeia

A stjarna er gulhvít af birtustigi 5.9 en B er blá með birtustigið 7.3. 15,2" skilja á milli. Einnig er í þessu kerfi C stjarna af birtustigi 10.8 í 98,5" fjarlægð frá A. Eina hafði ég sterkegra grunaða en fleiri stjörnur voru í sjónsviðinu. Fallegt þrístirni.

**Σ 2816 og Σ 2819**

### Cepheus

Þessi eru mjög áhugaverð. Það eru skammt suður af Mu Cephei, sem oft er nefnd Herschel's Garnet star. Það nafn kemur af því hversu rauð stjarnan er en hún er ein sú rauðasta sem sjá má. Suður af Mu Cephei er við lausþyrping og viðamkil dauf þoka (Complex) sem nefnd er IC 1396. Σ 2816 og 2819 eru í forgrunni hennar. Sú fyrnefnda er fallegt þrístirni og er móðurstjarnan kremuð á lit. Hinar eru hvít og blá og er millibilið 12" og 20". Í augngleri með við sjónsviði sést tvístirnið Σ 2819 einnig. Það er með 12" bil og birtumun upp á eitt birtustig. Missið ekki af þessu.

β Cygni (Beta) eða Albireo

### Cygnus

Albireo er tvímælalaust eitt fallegasta tvístirnið. Millibilið er 34,4" og er hún því viðráðanleg í öllum stjörnusjónaukum. Gula stjarnan er af birtustigi 3,1 en sú blá er 5,1. Litirnir eru mun sterkari í smærri sjónaukum og því nýtur Albireo sig vel þó að tækin séu ekki óflug. Albireo er í um 380 ljósára fjarlægð; í þeiri fjarlægð myndi sólin okkar vera af birtustigi 10.

**16 Cygni**

### Cygnus

Skammt norðaustan við Theta Cygni er 39,3" vitt tvístirni 16 Cygni. Birtustig beggja er svipað, annað er 6,0 en hin 6,1. Annað áhugavert í námunda er NGC 6826, sem er björt og við (25") plánetupoka með miðstjörnu af birtustigi 11,5".

**61 Cygni**

### Cygnus

Þetta er eitt hinna frægstu tvístirna. Það er vegna þess að móðurstjarnan var sú fyrsta sem hliðrunarfærsla mældist á. Hana mældi F.W. Bessel árið 1838. Hliðrunarhornið mældist 0,294" og er fjarlægð til stjörnunnar 11,1 ljósár. Í þessu kerfi er óséð massalítil stjarna (0,008 sólarmassa) eða pláneta með áttfaldan Júpítermassa. Millibil er nú 28,4" og birtustig 5,2 og 6,0.

γ Delphini (Gamma)

### Delphinus

Fallegt tvístirni með 10,1" millibil og litamun. Sú bjartari er gul, birtustig 4,5 en hin af birtustigi 5,5. Margir sjá hana sem grænleita en ekki gat ég greint það.

**O₂ Eridani (Omicron 2 eða 40 Eridani)**

### Eridanus

Mjög áhugavert þrístirni. Það er í um 16 ljósára fjarlægð og samanstendur af viðu tvístirni (83,4") með miklum birtumun, 4,4 og 9,5. Ef notuð er mikil stækkan má sjá að þeiri daufari, þ.e. B stjörnumni fylgir C stjarna af birtustigi 11,2 og eru 7,6" á milli. Þetta forvitnlega par samanstendur af tveim dvergstjörnum; B stjarnan er hvítur dvergur, sá auðséðasti frá jörðu, og C er rauður dvergur með einungis um 40% sólarmassa. Það þarf góðar aðstæður á þetta vegna þess hve neðarlega það er á lofti séð frá Íslandi.

**20 Geminorum**

### Gemini

NV af Gamma Geminorum. Auðleysanlegt og fallegt tvístirni með 20" bili. Birtustig 6,3 og 6,9.

**v Geminorum (Nu Gem. eða SAO 78423 og 78420) Gemini**

Mjög vítt tvístirni, 52". Birtustig 4,1 og 8,6.

**SAO 78394 og 78395**

### Gemini

Um ½ norðan við Nu er 25" vítt tvístirni. Sú bjartari er gulleit og af birtustigi 6,5 en sú daufari af birtustigi 8,4. Um 0,8° innan í 22 ljósáru fjarlægð.

**γ Leonis (Gamma) eða Algeiba**

### Leo

Tvístirni með birtustig 2,2 og 3,5. Bilið milli þeirra er 4,4". Þær eru báðar sagðar rauðgular en mér fannst vera litamunur og önnur vera hvítari. Hvað sérð þú?

**δ Lyrae (Delta)**

### Lyra

Auðleyst og fallegt tvístirni. Sú rauðgula er af birtustigi 4,3 en bláleita stjarnan er 5,6. Millibilið er 620". Handsjónaukar ráða auðveldlega við þetta. Umhverfis er dreifð lausþyrping sem nefnd er Stephenson 1 og er δ Lyrae talin tilheyra því.

**ε Lyrae (Epsilon)**

### Lyra

Þetta er hið fræga Double Double. Í litlum sjónaukum splittast það auðveldlega í 208" vítt tvístirni. Báðar stjörnurnar eru hinsvegar pör sem leysast sundur í óflugri sjónaukum. Syðra parið, Epsilon<sup>2</sup>, hefur 2,3" bil og birtustig 5,2 og 5,5. Stjörnunar snúa austur vestur. Hitt parið, Epsilon<sup>1</sup> hefur 2,6" vitt bil og birtustig 5,0 og 6,1 og er daufari stjarnan norðanvert við þá sem bjartari er. Er afstaða paranna gagnvart hvort öðru því sem næst rétt horn. Ég var lengi að splitta þessu; oftast af völdum losftrulana en líka vegna þess að ég vissi ekki hvernig innbyrðis afstaða stjarnanna var. Þegar það tókst var notuð um 240x stækkan en síðan hafa komið kvöld þar sem ég hef getað notað miklu minni stækkan.

**ζ Lyrae (Zeta)**

### Lyra

Vitt tvístirni eða um 44" og má auðveldlega splitta því í handsjónauka. Birtustig 4,4 og 5,7; heimildarritið getur litamunar en ekki gat ég greint hann.

**SAO 67287**

Um  $0.4^{\circ}$  suðvestur af Epsilon Lyrae. Fallegt tvístírni; Rauðgult - Fjólublátt. Millibilið er um  $60''$ .

**SAO 67097 og 67093 eða ΩΩΣ 171****Lyra**

$0.8^{\circ}$  vestan við Vegu. Þetta er reyndar sýndartvístirni með  $145''$  millibil og birtustig  $6.9$  og  $8.2$ . Stjörnurnar eru F8 og G5 meginraðarstjörnur og eru báðar taldar í um  $100$  ljósára fjarlægð. Eiginhreyfing þeirra er hins vegar ekki sú sama.

**θ Orionis (Theta Orionis eða Trapezium)****Orion**

Þetta fjórstírni, sem er í miðri Sverðþokunni, þekkja nú flestir. Birtustig þeirra er á bilinu  $5.4$  til  $8$  og er bilið milli þeirra frá  $8.7''$ -  $19.2''$ . Þær eru samt fleiri þarna í þyrpingu og hefur mér einu sinni tekist að greina E stjörnu hópsins. Hún er af birtustigi  $11$  og í um  $3\text{-}4''$  fjarlægð frá A stjörnu.

**ζ Orionis (Zeta) eða Alnitak****Orion**

Þrístírni með  $2.4''$  bil á milli A og B stjarna en C stjarna er  $57.6''$  frá A. Birtustig er  $1.9$  (A),  $4.0$  (B) og  $9.9$  á C stjörnu. Nokkurs litamunar gætir á milli A og C.

**σ Orionis (Sigma)****Orion**

Fjólstírni með birtustig frá  $4.0$  -  $10.3$  (A) og (B) hafa óleyasanlegar  $0.2''$  en hin eru viðráðanlegrir. Fjarlægð frá AB til C er  $11.4''$ , til D eru  $12.9''$  og E  $42.6''$ . Svipaðir litir.

**δ Orionis (Delta) eða Mintaka****Orion**

Þrístírni. B stjarna er í  $32.8''$  fjarlægð frá A en C er í  $52.6''$  fjarlægð. Ég hef reyndar aðeins séð A og C en þær hafa birtustig  $2.2$  og  $6.3$ . B stjarnan er af birtustigi  $13.7$ , sem er ansi nærrri getu sjónaukans og líkast til hef ég ekki reynt að leita eftir henni í þessi skipti sem sem athygli hefur beinst að Mintaka.

**Σ 2841****Pegasus**

Þetta er enn eitt þrístírnið þar sem venjulegir áhugamannasjónaukar sjá einungis tvær stjörnur. Fjarlægð á milli A og B er  $22.3''$ , birtustig ð  $6.4$  og  $7.9$ . Fjarlægð á milli B og C er  $0.2''$ . Ég punkta það að hér sjáist litamunur.

**Σ 292****Perseus**

Auðfundinum tvístírni um  $5'$  (bogmínútur) frá 12 Persei, stjörnu sem er ekki fjarri lausþyrpingunni M 34. Millibil er  $22.8''$  og birtustig  $8.1$  og  $8.5$ . Þær virðast bláleitar en þó fannst mér sú sem er nær 12 Persei örliðið út í fjólublátt. Nokkurs litamunar gætir svo gagnvart 12 Persei sem er gulleit af birtustigi  $5$ .

**5 Serpentis**

Þrístírni. Bilið frá A til B er  $11.2''$  og er birtustig  $5.1$  (A) og  $10.1$ . Á þeim er litamunur.  $27.2''$  eru á milli A og C en sú stjarna er með birtustig  $9.1$ . Um  $22'$  eru frá 5 Serpentis að kúluþyrpingunni M 5.

**ι Trianguli ( Iota ) eða 6 Trianguli****Triangulum**

Falleggat tvístírni þar sem  $3.9''$  skilja á milli. Birtustig gulu stjörnumar (A) er  $5.3$  en þeirrar bláu (B)  $6.9$ . Fjarlægð til Iota er talin um  $200$  ljósár.

**ζ Ursae Majoris (Zeta) eða Mizar****Ursa Major**

Þetta þekkja nú allir. Mizar myndar sýndartvístirni með Alcor, sem er af  $4$ . birtustigi., og er bilið á milli þeirra  $11.8''$  (bogmín.). Millibil Mizar er  $14.4''$  og er birtustig  $2.4$  (A) og  $4.0$ . Hvor stjarnan er svo litrófstvístirni og þá eru vísbendingar um að fimmsta stjarnan sé til staðar. Fjarlægð til Mizar er um  $88$  ljósár.

**α Ursae Minoris eða Pólstjarnan (Norðurstjarnan.)Ursa Minor****Ursa Minor**

Polaris er gulhvít F8 (sýndarbirtustig  $1.99$ ) og er systurstjarnan í  $18.5''$  fjarlægð og af birtustigi  $10.2$ . Systurstjarnan, sem er F1 meginraðarstjarna, er fölblá svo að nokkurs litamunar gætir í samanburði við móðurstjörnu. Parið er talið í  $350\text{-}360$  ljósára fjarlægð. Til að greina báðar þarf minnst sjónauka með  $2.5\text{-}3$  þumlunga ljósopi þar sem svo mikill birtumunur er á milli þeirra.

**Demandurinn (The Diamond)****Virgo**

Þetta er bráðskemmtilegt fyrirbrigði í stjörnumerkinu Meyjan. Fimm stjörnur, sem allar eru bjartari en  $13$ . birtustig, mynda einskonar demand (asterism). Í maíblaði Sky and Telescope frá 1993, síðu  $110$ , er greint frá hví (blaðið á að vera til uppi í stjörnurni.) og sagt líklegt að stjörnurnar séu háðar sama þyngdarsviði innbyrðis. Kort fylgir greininni sem nota má til að finna demandinn. Það kom á óvart hve það var í rauninni smátt í sniðum en það mun vera um  $42''$  til hliðanna og raunar greindi aðeins fjórar stjörnur.

**Heimildir:**

Sandford, John: Observing the Constellations, Mitchell Beazley Publishers 1989.

Dunlop, Storm, Antonin Rükl: The Astronomers Manual, Crescent books 1989.

Sky & Telescope júlí 1992. Starhop from Vega. Bls. 38-41.

Sky & Telescope mai 1993. Observers notebook, bls 109-110.

Sky & Telescope júní 1996. The extraordinary doubles of Boötes, bls 68-70.

Sky & Telescope desember 1993. A star-hop from Andromeda, bls 45-47.